

Sp. 101. Tillaga til þingsályktunar [58. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að greiða uppbætur á laun starfsmanna ríkisins.

(Lögð fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1958.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða frá 1. september 1958 uppbætur á laun starfsmanna ríkisins, sem hér segir:

a) Á grunnlaun samkvæmt I.—XI. flokki launalaga 6%.

b) Á grunnlaun samkvæmt XII.—XV. flokki launalaga 9%.

Á eftirlaun og lífeyri skal greiða 6% uppbætur, þó þannig að 9% uppbætur skulu greiddar á eftirlaun lífeyrisþega, sem hafa eigi hærri eftirlaun samtals en sem svarar hámarksgrunnlaunum í XII. flokki launalaga.

Ríkisstjórnin setur að öðru leyti nánari reglur um framkvæmd uppbótargreiðslnanna.

Ríkisstjórnin skipi 5 manna nefnd, tvo eftir tilnefningu frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og þrjá án tilnefningar, til þess að fylgjast með grunnlaunabreytingum almennt og gera tillögur um breytingar á grunnlaunum starfsmanna ríkisins, þegar nefndinni þykir ástæða til.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Síðan 5% hækkun grunnlauna var lögfest hefur orðið almenn hækkun á kaupi.

Að öllu athuguðu þykir réttmætt að leggja til, að opinberir starfsmenn fái yfirleitt 6% uppbót á kaup samkvæmt launalögum, en sú undantekning verði frá þessari reglu, að uppbætur í fjórum lægstu launaflokkum verði 9%. Sams konar uppbætur verði greiddar á eftirlaun og lífeyri. Þessar uppbætur eru ætlaðar til samræmingar við kauphækkanir, sem þegar hafa orðið hjá öðrum en opinberum starfsmönnum.

Þá er enn fremur í þingsályktuninni það nýmæli, að fastanefnd verði skipuð til þess að fylgjast með þróun kaupgjaldsins almennt í landinu og gera tillögur um breytingu á grunnlaunum starfsmanna ríkisins, þegar nefndinni þykir ástæða til.

Er ekki til þess ætlast, að nefndin fjalli um launakjör einstakra starfsmanna eða starfshópa, heldur launakjör almennt.